



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
THE ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTER

Reykjavík, 2. mars 2007.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR
UM FULLGILDINGU SAMNINGS EVRÓPURÁÐSINS UM AÐGERÐIR GEGN MANSALI, 133.
LÖGGJAFARÞING 2006–2007, ÞSKJ. 80 — 80. MÁL.**

Þingsályktunartillagan kveður á um fullgildingu samnings Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali. Samningurinn miðar að aukinni vernd fyrir fórnarlömb mansals og því að sporna við mansali sem brýtur gróflega gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi þolenda. Skrifstofan hefur um árabíl hvatt stjórnvöld til að fullgilda Evrópusamning um aðgerðir gegn mansali og samning Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri, fjölþjóðlegri glæpastarfsemi ásamt viðaukum, sem undirritaður var 13. desember 2000. Sérstaklega hefur athygli verið vakin á samningunum í tengslum við árlegt alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem Mannréttindaskrifstofan hefur staðið að og í vinnu í tengslum við aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis. Því hlýtur Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) að fagna efni þingsályktunartillögunnar og láta í ljós þá von að samningurinn verði fullgiltur hið fyrsta.

Mannréttindaskrifstofan áréttar að lagabreytingar einar og sér nægja ekki til að útrýma því alþjóðlega samfélagsmeini sem mansal er. Mannréttindaskrifstofan leggur áherslu á að nálgast þurfi viðfangsefnið út frá kynjasjónarmiðum, á heildstæðan hátt, í samráði við þá aðila sem best þekkja til – fagaðila og félagasamtök. Mannréttindaskrifstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að íslensk yfirvöld geri heildstæða aðgerðaáætlun gegn mansali. Áætlunin taki til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og þeirra fagaðila sem að málum koma; ásamt sértækum aðgerðum innan mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún D. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri